

Bæjarstjórn Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Egilsstöðum 13. maí 2024

Efni: Ályktun Félags héraðsskjalavara á Íslandi

Almennur félagsfundur í Félagi héraðsskjalavara á Íslandi, sem haldinn var í dag, samþykkti samhljóða svohljóðandi ályktun:

Almennur félagsfundur Félags héraðsskjalavara á Íslandi mótmælir harðlega þeirri aðför að faglegri langtímavörslu skjala sem felst í ákvörðun Kópavogsbæjar að leggja niður starf héraðsskjalavara við Héraðsskjalasafn Kópavogs. Þessi ákvörðun er tekin í kjölfar misráðinnar ákvörðunar um að loka skjalasafninu, sem tekin var án allrar eðlilegrar faglegrar ígrundunar eða sjálfsagðrar umræðu í samfélaginu og á hinum pólitíska vettvangi, og er líkleg til að gera vonða stöðu ennþá verri.

Nú sem aldrei fyrr er full þörf á að bera virðingu fyrir fagþekkingu skjalavara við Héraðsskjalasafn Kópavogs, reynslu þeirra og yfirsýn yfir safnkostinn. Að leggja niður störf þeirra og bjóða þeim ný störf, án faglegrar yfirstjórnar og á verulega skertum kjörum, sýnir hroka og skeytingarleysi gagnvart varðveislu skjala sem sveitarfélögin bera lögum samkvæmt ábyrgð á.

Félag héraðsskjalavara á Íslandi skorar á Kópavogsbæ að draga ákvarðanir sínar, um niðurlagningu starfs héraðsskjalavara og lokun Héraðsskjalasafns Kópavogs, þegar í stað til baka. Félagið hvetur sveitarfélagið til að taka sér nauðsynlegan tíma til að móta sér stefnu um faglega langtímavarðveislu opinberra skjala sem og einkaskjala í Kópavogi. Stefnu sem mótask af virðingu fyrir sögu og sérstöðu þessa merka bæjarfélags og verður sveitarfélaginu og íbúum þess til heilla.

F.h. Félags héraðsskjalavara á Íslandi



Stefán Bogi Sveinsson
Héraðsskjalavörður
Héraðsskjalasafn Austfirðinga